

**Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)**

Umsagnar óskaði: 1064. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar  
Varðandi: Alþingi  
Nr. erindis 201202157  
Dags.: 28.02.2012  
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar

-----  
140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 376 — 319. mál. Tillaga til þingsályktunar um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi. Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1064. fundur 24. febrúar 2012 vísaði erindi nefndasviðs Alþingis til umsagnar og afgreiðslu undirritaðrar.

Í erindinu er lagt til að Alþingi álykti um að fram fari fagleg úttekt á g reynslu af starfrækslu réttargeðdeildarinnar að Sogni í Ölfusi. Kostir og gallar þess að flytja starfsemina frá Sogni á Kleppsspítala út frá faglegum rökum verði metnir og að flutningi verði frestað þar til úttektinni verði lokið sem áætlað er að verði í maí 2012.

Ákveðið hefur verið að flutningur réttargeðdeildarinnar fari fram 1. mars 2012. Með flutningi deildarinnar er, eins og fram hefur komið í máli framkvæmdastjóra geðsviðs LSH, stefnt að bættu öryggi og þjónustu við sjúklinga, fjölgun rýma um tvö til þrjú og möguleika á frekari stækkun síðar. Þá er fyrisjáanleg rekstrarhagræðing með breytingunni. Húsnæði það sem deildin mun flytja í er sérhannað sem geðdeild, sem húsnæði það sem deildin hefur verið starfrækt í er ekki.

Fyrrgreind rök eru að mati undirritaðrar fullnægjandi rök fyrir flutningi deildarinnar og ekki talin ástæða til að kosta til tímafrekrar og kostnaðarsamrar úttektar í því sambandi.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar